



Erindisbréf Námsstefnan „Á vakt fyrir Ísland 2019“

Stjórn LSS skipar eftirfarandi aðila í nefnd námsstefnunnar „Á vakt fyrir Ísland“ sem haldið verður 18.- 19. október 2019:

Jón Pétursson, formaður, SHS, doktorbruni@gmail.com s: 863-2323

Gunnar Baldursson, fagdeild sjúkrafl.manna, lindberg28@simnet.is s:897 9583

Hulda Geirsdóttir, fagdeild slökkvil.manna, huldag10@menntaborg.is s:861 3371

Jón Kristinn Valsson, fagdeild slökkvil.manna, jonv@shs.is s: 863 0304

Ómar Ágústsson, formaður íþrótt- og skemmtinefndar, omara@shs.is s:893 5852

Viðar Arason, fagdeild sjúkrafl.manna, vidar.arason@hsu.is s: 824 2827

Gildistími skipunar: Byrjað: Sept 2018

Lokið: Des 2019

Markmið verkefnis:

Markmið með námstefnunni er að efla þekkingu og færni félagsmanna í starfi. Efla og sýna færni slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna á vettvangi. Efla samkennd á meðal félagsmanna.

Framkvæmd:

Stefnt er að hafa einn ráðstefnudag fyrir slökkviliðsmenn og annan fyrir sjúkraflutningamenn. Stefnt af því að vera með íþróttakeppni á milli einstaklinga og eða liða í þessum málaflokkum. Stefnt er á kvöldgleði á laugardagskvöldinu.

Hlutverk:

Hlutverk nefndarinnar er að vinna í nánú samstarfi við stjórn og starfsmenn að undirbúningi, framkvæmd og frágangi námsstefnunnar. Námstefnustjóri hefur yfirumsjón með verkefninu og sér um að úthluta verkefnum til nefndarmanna. Ekki er greidd þóknun fyrir setu í nefndinni en útlagður kostnaður er greiddur af LSS. Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum en skilar fundargerðum til stjórnar LSS. Haft er að leiðarljósi siðareglur LSS og önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett og/eða starfar eftir.

Verkefni nefndarinnar við undirbúning, framkvæmd og frágang eru m.a.:

- Gera ítarlega verkefnisáætlun sem inniheldur helstu vörður fyrir undirbúning námsstefnunnar þ.m.t dagskrá
- Gera fjárhagsáætlun í samráði við framkvæmdastjóra LSS, sem síðan er samþykkt af stjórn LSS
- Fjármögnun og öflun fjár hjá styrktaraðilum
- Bera ábyrgð á undirbúningi, framkvæmd og frágangi námsstefnunnar
- Skipuleggja kynningu á námsstefnunni hjá öllum hagsmunaaðilum
- Gefa reglulega skýrslu til stjórnar um framgang verkefnisins
- Virkja aðra í nefndinni í undirbúningi, framkvæmd og frágangi námsstefnunnar
- Skila lokaskýrslu um verkefnið fyrir lok árs 2019



Vonast er til að námsstefnan skili eftirfarandi árangri:

- Auka þekkingu og færni félagsmanna í starfi
- Að þróun og nýjungar í starfsgreinunum sé komið á framfæri
- Efla samkennd á meðal félagsmanna
- Efla tengslanet félagsmanna
- Að félagsmenn miðli þekkingu og reynslu á milli slökkviliða/heilbrigðisstofnana
- Komi málstað slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna á framfæri

Fjárhagsrammi:

Verkefnið verður sjálfbært og er fjármagnað með þáttökugjöldum og styrktaraðilum. Öll fjárútlát þarf framkvæmdastjóri LSS að samþykkja.

Tengiliðir úr stjórn LSS: Steinþór Darri Þorsteinsson, varaformaður LSS og formaður fagdeildar slökkviliðsmanna og Birkir Árnason, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna.

Samstarfsaðili á skrifstofu: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Reykjavík, 12. september 2018

Magnús Smári Smáráson
Formaður

Steinþór Darri Þorsteinsson
Varaformaður